

Skipulagsstofnun
b.t. Þórdísar Stells Erlíngsdóttur
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. desember 2021
Tilvísun: 202111-0029
SS/SBR/KHS/BK/IAS/LA
þlþ/sbr

Efni: Umsögn um frummatsskýrslu um landfyllingu í Skerjafirði, Reykjavík.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 15. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu fyrir landfyllingu í Skerjafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um málið á fyrri stigum, nú síðast annars vegar umsögn um matsáætlun þann 2. október 2020 og hins vegar umsögn um aðalskipulagsbreytingu þar sem landfyllingin er til umfjöllunar þann 28. október 2020.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlunina kom fram að stofnunin teldi að það væri ekki ásættanlegt að landfylling í Skerjafirði væri eini valkosturinn fyrir þéttingu byggðar eða losun á efni en hvoru tveggja voru nefnd sem lykilforsendur fyrir gerð landfyllingarinnar. Einnig að Náttúrufræðistofnun teldi að vel mætti þetta byggð án þess að ganga enn frekar á fjörur og lífríki þeirra í Reykjavík. Þótt áætluð landfylling í Skerjafirði næði yfir lítinn hluta af firðinum þá hefði í mörg undanfarin ár sífellt verið að bætast við skerðingar á fjörum á höfuðborgarsvæðinu. Nánast öll norðurströnd bæjarlandsins frá Gufunesi og vestur úr er manngerð. Auk fyrirhugaðra fyllinga sem hér eru til umræðu mun eitthvað af fjöru fara undir fyrirhugaða brúarfyllingu á Fossvogi.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um aðalskipulagsbreytinguna kom einnig fram að náttúruverndargildi Skerjafjarðar hefur lengi legið fyrir. Bent var á að Alþingi samþykkti árið 2004 að stefnt skuli að friðlýsingu fjöru og grunnsævis við Skerjafjörð og síðan hefur Náttúrufræðistofnun áréttað þær hugmyndir í nýjum tillögum stofnunarinnar að B-hluta Náttúruminjasrár. Í umsögninni ítrekaði Náttúrufræðistofnun verndargildi Skerjafjarðar en það er metið mjög mikið vegna vistgerða og fuglalífs eins og sjá má í umfjöllun stofnunarinnar um svæðið: [Álftanes–Skerjafjörður | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#). Nágrannasveitarfélögin í suðri hafa nú friðlýst stóran hluta Skerjafjarðar sem er innan þeirra marka.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eiga þessar grundvallarathugasemdir sem koma fram í fyrri umsögnum enn við. Stofnunin telur ekki viðeigandi að frekari landfyllingar séu gerðar í Skerjafirði og að frekar ætti að horfa til þess að styrkja náttúruvernd á svæðinu líkt og áður hefur verið lagt til. Lagt er til að horft sé til annarra leiða við að útfæra skipulag nýrrar



byggðar á svæðinu en með landfyllingu. Of mikið hefur verið gengið á viðkvæm og verðmæt strandsvæði í Reykjavík og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu með landfyllingum að mati Náttúrufræðistofnunar.

Í eftirfarandi umsögn verður sjónum beint að innihaldi frummatsskýrslunnar, hvernig lagt er mat á umhverfisáhrifin og tillögur að mótvægisáðgerðum.

Almennar athugasemdir.

Það er jákvætt að Reykjavíkurborg tók ákvörðun um að fara í mat á umhverfisáhrifum þótt framkvæmdin væri einungis tilkynningaskyld. Í frummatsskýrslunni er fjallað á ítarlegan og vandaðan hátt um áhrif framkvæmdarinnar á marga mismunandi matsþætti.

Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu umhverfismatsins fyrir helstu umhverfisþætti sem er mjög skýr og þar vegur þyngst að framkvæmdin er talin munu hafa bein, varanleg og verulega neikvæð áhrif á gróður, strand- og sjávarlífríki, bein og talsvert neikvæð áhrif á fugla og talsvert neikvæð áhrif á verndarsvæði einkum á leirur sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þá er óvissa um áhrif á landslag og ásýnd. Náttúrufræðistofnun telur þessa niðurstöðu umhverfismatsins fela í sér afgerandi skilaboð um að framkvæmdin sé óæskileg vegna augljósra og mikilla neikvæðra áhrifa á lífríki á mikilvægu náttúrusvæði með hátt verndargildi.

Í frummatsskýrslunni er brugðist við þessari afgerandi neikvæðu niðurstöðu umhverfismatsins varðandi áhrif á lífríki með því að tilgreina sértækar mótvægisáðgerðir. Þar er einkum stefnt að því að móta strandlengju landfyllingarinnar þannig að hún líki eftir náttúrulegri strönd og þannig að líkur aukist á að leirur myndist á ný. Þetta er m.a. framkvæmt með því að móta botn og fláa þannig að fínefnamyndun muni eiga sér stað aftur og koma fyrir grjóti sem klóþang og aðrar þangtegundir geti fest sig við.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er jákvætt að horft sé til þess að móta aðferðir við hönnun og verklag framkvæmda með það að markmiði að reyna að endurheimta fjöruvistgerðir og búsvæði fugla. Í því felast nýmæli sem horfa mætti til í mun meira mæli þar sem slíkum svæðum hefur verið raskað en það er mjög víða, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu. Það skýtur hins vegar skökku við að mati Náttúrufræðistofnunar að slík tilraun sé framkvæmd í fyrsta sinn sem hluti af landfyllingarframkvæmd sem fyrst og fremst felur í sér röskun fjaranna. Miklu frekar ætti að fara í slíkar endurheimtaraðgerðir á þegar röskuðum svæðum.

Jafnvel þótt tilraunin um endurheimt heppnist, sem er ekki öruggt enda ýmsir óvissuþættir til staðar líkt og fjallað er um í frummatsskýrslunni, þá er ljóst að það mun taka tíma fyrir endurheimtina að eiga sér stað. Náttúrufræðistofnun telur því augljóst að það að hlífa fjörunum í því náttúrulega ástandi sem þær eru í núna sé alltaf betri kostur en að raska þeim og hefja svo endurheimtarferli sem er óvissu háð og seinlegt. Það sé öruggasta leiðin til að forðast neikvæð áhrif á lífríki svæðisins.

Athugasemdir um einstök efnisatriði frummatsskýrslu

Á bls. 25 er vitnað í greinargerð með rammaskipulagi fyrir nýja byggð í Skerjafirði. Þar segir að „núverandi strönd [sé] röskuð eftir áratugastarfsemi olíubirgðastöðvar við Flugvöllinn“. Það er rétt að starfsemi olíubirgðastöðvarinnar hafði raskandi áhrif og m.a. voru bryggjur og dráttarbraut til staðar sem nú hafa verið fjarlægð þó ummerki séu enn til staðar. Hins vegar er strandlínan inni í víkinni þar sem stefnt er að því að gera landfyllingu enn upprunaleg og náttúruleg að mestu leyti þótt landfyllingar séu sitt hvoru megin við (við dælustöðina og flugbrautarendann) og það sama á við um fjöru- og leirusvæði utar í víkinni. Ekki er því hægt að tala um að öll víkin eins og hún er í dag sé raskað svæði.

Í lið 2.3.3. á bls. 29 er fjallað um sérstaka vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd en eins og áður segir eru leirur sem falla undir lagaákvæðið innan áætlaðs framkvæmdasvæðis. Þar sem lagagreinin fjallar um að forðast beri að raska náttúruminum sem falla undir greinina, ber leyfisveitanda að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Vísað er í að nýsamþykkt aðalskipulagsbreyting liggi fyrir og því ekki þörf á umsögn Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar. Að því sögðu ber að nefna að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands töldu að ekki ætti að raska leirunum í umsögnum sínum um aðalskipulagsbreytinguna en hún var engu að síður samþykkt.

Í lið 3.1 er greint frá forsendum fyrir gerð landfyllingar en meginforsendan er að með henni aukist byggingarland á svæðinu um 0,3 hektara og að þannig sé markmiði Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um þéttingu byggðar náð. Miðað við fjölmörg þéttingaráform í Aðalskipulaginu eru 0,3 hektarar lítið svæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar ættu náttúruverndargildi að vega þyngra þegar valin eru svæði til þéttingar, sérstaklega þegar ekki er um stærra þéttingarsvæði að ræða en raun ber vitni. Önnur forsenda er nefnd sem er umhverfislegur ávinningur af því að nýta efni sem fellur til við framkvæmdir vegna uppbyggingar. Náttúrufræðistofnun tekur undir með því að mikilvægt sé að nýta slíkt efni í sem stystri fjarlægð frá upprunastað þess en að aðrir staðir með minna náttúruverndargildi en Skerjafjörður hljóta að koma betur til greina.

Í lið 3.3 er fjallað um valkosti. Þar segir í umfjöllun um núllkost að hann fæli í sér fækkun íbúða um 300 af áætluðum 1400 íbúðum (með landfyllingu) og að það þýddi verri notkun á innviðum í hverfinu svo sem skóla, verslun, þjónustu, almenningsamgöngum og veitukerfi. Það er ekki tengt faglegu hlutverki Náttúrufræðistofnunar að leggja mat á þessar forsendur en heppilegra væri að í frummatsskýrslunni væru meiri upplýsingar um hvernig þetta er metið t.d. hvaða tímabil til framtíðar verið sé að vísa í, hverjum innviðirnir eigi að þjóna (er einungis átt við um nýja hverfið eða er horft til nálægra hverfa svo sem Skerjafjarðar eða hverfa nær Öskjuhlíð, eða jafnvel framtíðarhverfa t.d. ef Reykjavíkflugvöllur viku) o.s.frv. Ákvörðun um varanlega og lítt eða óafturkræfa röskun náttúrusvæða með hátt verndargildi þarf að byggjast á skýrum og vel rökstuddum forsendum.

Í lið 3.7 er fjallað um efnisöflun fyrir landfyllinguna. Fram hefur komið í umfjöllun um forsendur fyrir gerð hennar að ein forsendan sé nauðsynleg losun efnis frá nálægum byggingarreitum. Það veður því furðu að samkvæmt því sem fjallað er um í þessum lið, liggur ekki fyrir áætlun um hvaðan efni í landfyllinguna á að koma. Ekki eru nefndir neindir einstakir byggingarreitir þrátt fyrir að áætlanir um uppbyggingu á mörgum slíkum liggi fyrir, einungis að þeir séu vestan Elliðaánna. Óheppilegt er að óvissa ríki um hvaðan efnið komi. Ef tímaáætlanir ganga ekki eftir gæti komið upp sú staða að ekki verði nægjanlegt efni að fá af slíkum reitum. Til að veða upp á móti slíkri óvissu er hér fjallað um að hægt væri að sækja efni í efnisnámur í sjó. Slík efnistaka er í eðli sínu röskun á náttúrulegum hafsbotni og þarf að taka tillit til þess í umhverfismatinu. Einnig, eins og fram kemur í greinargerðinni, þá getur flutningi og dælingu efnis af dæluskipi fylgt rask fyrir lífríki, einkum fuglalíf og að taka þurfi tillit til varp- og ungatíma í því sambandi. Með áformum um efnistöku úr sjó og flutningi efnis sjóleiðina bætist við viðbótaráhrifaþáttur við mat landfyllingarinnar en hingað til hefur fyrst og fremst verið fjallað um að efni komi úr byggingarreitum á landi.

Í lið 3.9 er fjallað um frágang og mótvægisáðgerðir við gerð landfyllingarinnar. Ljóst er að lagt hefur verið í ítarlega vinnu við að hanna landfyllinguna á þann hátt að hún falli sem best að umhverfinu, líkist sem best náttúrulegri fjöru og að möguleikar til endurheimtar verði sem bestir. Það er sannarlega jákvætt að svo hafi verið gert, en eins og áður hefur komið fram telur Náttúrufræðistofnun að það réttlæti ekki að landfyllingin verði framkvæmd.

Aðstæður á núverandi fínefnasvæði hafa verið kortlagðar vel og þ.m.t. lykilþættir er hafa áhrif á fínefnamyndun og -söfnun svo sem landhalli, ölduhæð, straumafar o.fl. Þó kemur fram í fylgigögnum að dýptarlínur byggja á takmörkuðum gögnum um dýpi á svæðinu (Viðauki, skýrsla Vatnaskila nr. 21 02, bls,11). Talið er að gerð neðansjavarvarnargarða, nánar til tekið af gerð sem kallast botnöxl, sé líklegust til að leiða til þess að fínefnamyndun hefjist á nýjan leik. Kynntar eru til sögunnar þrjár tillögur þar sem botnöxl er notuð en með mismiklum fláa á landfyllingunni. Fram kemur að endanleg hönnun á botnöxlinni liggi ekki fyrir. Besti kosturinn er talinn vera að nota sem brattastan fláa, helst 1:2 að lágmarki ásamt botnöxl vestan megin í víkinni. Þannig skerðist sem minnst af núverandi fínefnasvæði og þannig lágmarkast það svæði sem ber að endurheimta. Ef stuðst er við meira aflíðandi fláa er gengið á meira af fínefnasvæðinu, auk þess sem sjávarbotn lækkar og því meira efnis þörf við að endurheimta fjörubúsvæði. Áhrif strauma aukast einnig töluvert sem dregur úr líkum á að fínefni setjist og þá er þörf á meiri neðansjavigörðum.

Ljóst er að lítið svigrúm er fyrir mótvægisáðgerðir af þeim toga sem líklegar eru til að skila árangri við endurheimt leirusvæða miðað við núverandi aðstæður. Dýpi og straumafar takmarka mjög mögulegt framkvæmdasvæði fyrir endurheimtina. Sú leið sem hér er nefnd sú besta kallar á töluvert brattan fláa á landfyllingunni. Það útilokar að hægt sé að endurheimta svipaða fjörugerð og er þar í dag í Shellvíkinni, þar sem hallinn innan víkurinnar er mjög aflíðandi og grunn, skjólsæl fjara er til staðar. Mögulega geta einhverjar

leirur myndast aftur utan við landfyllingu en þær verða ekki í sambærilegu umhverfi og í dag heldur standa utar þar sem áhrif strauma og öldu eru meiri. Hætt er við að það þyrfti að ráðast í mjög umfangsmiklar neðansjárvarnir til að fínefnamyndun náí að verða nægjanlega mikil til að leirur endurheimtist. Þá er með engu móti tryggt að slíkar leirur verði sambærileg búsvæði lífvera og þær eru í dag. Mikil óvissa er því um árangur þessa mótvægisáðgerða að mati Náttúrufræðistofnunar og einnig er sú tillaga sem talin er best ekki í samræmi við önnur markmið um ásýnd og eðli fjörusvæðisins sem stefnt er að því að móta á landfyllingunni.

Í lið 3.10 er fjallað um aðrar framkvæmdir m.a. framkvæmd við landfyllingu tengt brúarsporði Fossvogsbrúar austan við áætlaða landfyllingu sem hér er til umfjöllunar. Sú landfylling var ekki talin vera umhverfismatsskyld ein og sér. Hins vegar er óheppilegt að mati Náttúrufræðistofnunar að ekki sé lagt betra mat á samlegðaráhrif þessara tveggja framkvæmda þar sem þær tengjast og áhrifasvæði þeirra eru algjörlega samliggjandi.

Í kafla 5 er fjallað um einstaka umhverfisþætti og lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á þá. Náttúrufræðistofnun telur að faglega og ítarlega hafi verið staðið að þessu mati. Stuðst sé við margvísleg og nýleg náttúrufarsgögn, greint frá verndargildi einstakra náttúruminja og dregnar raunsæjar ályktanir um áhrif framkvæmdarinnar.

Eitt mikilvægt atriði sem kemur fram að mati Náttúrufræðistofnunar og fjallað er um í lið 5.1 er að fjaran á svæðinu er mósaík ólíkra fjörugerða og á ekki stærra svæði finnast um sjö ólíkar fjöruvistgerðir, margar með hátt verndargildi. Þá er tegundafjölbreytileiki smádyra töluverður (83 tegundir í athugun Rorum) þótt svæðið sé lítið. Vegna smæðar fjörunnar og staðsetningar í Skerjafirði þar sem mikið er af óröskuðum, lífmiklum fjörum er það metið sem svo að fjaran í vikinni hafi ein og sér miðlungs verndargildi. Náttúrufræðistofnun telur þó að horfa þurfi á lífríki vökurinnar sem hluti af stærri heild sem hefur mjög hátt verndargildi og full ástæða er til að vernda í heild sinni frekar en að raska einstökum svæðum. Þá eru aðstæður í Shell-vikinni nokkuð óvanalegar fyrir Skerjafjörðinn allan því um einu víkina með náttúrulegra sandfjöru í norðanverðum Skerjafirði er að ræða og því má segja að fjörubúsvæðin þar séu að vissu leyti sérstæð fyrir svæðið.

Í umfjöllun um áhrif mótvægisáðgerða á lífríki fjörunnar segir að líklegt sé að klóþangsklungur muni taka langan tíma að myndast á nýjan leik þar sem um hægvoxta tegund þangs er að ræða. Um ár eða áratugi verði að ræða. Einnig er ljóst að horfa þurfi til mismunandi áðgerða til að tryggja að ólíkar lífverutegundir nemi land aftur og staðbundnar útfærslur sem fela í sér skjólmyndun og fjölbreytt undirlag séu forsendur fyrir því að mismunandi búsvæði endurheimtist. Þá má benda á að við röskun búsvæða aukast til muna tækifæri framandi tegunda til að ná fótfestu. Í Skerjafirði má bæði finna sagþang (*fucus serratus*) og stormþul (*Senecia pseudo-arnica*) sem báðar eru framandi tegundir sem geta náð háum þéttleika og þekju og jafnvel orðið ágengar.

Eins og fram kemur í lið 5.2 um áhrif á fuglalíf hefur Náttúrufræðistofnun skilgreint Skerjafjörð sem mikilvægt fuglasvæði sem beri að vernda ([Álftanes-Skerjafjörður](#) |

[Natturufraedistofnun Islands \(ni.is\)](http://Natturufraedistofnun.Islands.ni.is)). Skerjafjörður, líkt og fleiri mikilvæg fuglabúsvæði á Innesjum, eru undir töluverðu álagi en þó einkennir svæðið að tiltölulega mikið af búsvæðum fugla eru enn lítið eða ekkert röskuð í samanburði við t.d. Elliðaárvog. Athuganir á fuglalífi sem gerðar voru sýna það að Shell-víkin er auðug af fuglum allan ársins hring. Alls sáust 34 fuglategundir, bæði stað- og farfuglar og var svæðið ekki síst mikilvægt fyrir vetrarfugla. Talið er að fjölbreytileiki fjörunnar í vikinni og skjólmyndun sem er á svæðinu laði að fugla á veturna. Svæðið er mikilvægt fyrir tegundir sem teljast ábyrgðartegundir á Íslandi svo sem heiðlóu, sendling og margæs. Það er niðurstaða umhverfismatsins að landfyllingin hafi í för með sér varanlegt tap á búsvæðum fugla og að mikilvægi Shell-víkur fyrir fuglalíf í innanverðum Skerjafirði sé töluvert. Ef mótvægisáðgerðir heppnast vel má vera að fuglalíf geti endurheimst að hluta til en erfitt er að spá fyrir um árangur þessara áðgerða og ljóst að sérkenni víkurinnar sem skjólsæl vík með sandfjöru sem laðar að töluverðan fjölda af fuglum, sérstaklega á veturna, mun tapast.

Í lið 5.3 er fjallað um áhrif landfyllingarinnar á strauma en straumlíkan var unnið til að meta þau áhrif. Mjög jákvætt er að líkanið gefur ekki til kynna að landfyllingin muni hafa nein áhrif á vatnsskipti í Fossvogi. Hins vegar er ljóst að strandlína á landfyllingu muni færast nálægt straumnum sem liggja mun úr opi Fossvogsbrúar og það getur haft áhrif á möguleika til endurheimtar fínefnissöfnunar á svæðinu.

Í lið 5.6 er fjallað um áhrif á landslag og ásýnd. Eins og áður hefur komið fram mun með landfyllingunni tapast eina skjólsæla vikin með náttúrulegri sandfjöru þó sú sandfjara sé að einhverju leyti röskuð. Ásýnd strandlínunnar mun því breytast mjög. Stefnt er að því að hanna og ganga frá landfyllingunni þannig að hún líkist sem mest náttúrulegri fjöru. Eins og bent var á hér að framan stangast það að einhverju leyti á við áform um að hafa mikinn fláa á landfyllingunni til þess að draga úr röskun á fínefnasvæði. Meiri ásýndarbreyting felst í því heldur en með landfyllingu með meiri fláa. Hér vinna því tvö markmið um endurheimt náttúrulegrar fjöru (ásýnd og endurheimt vistgerða) ekki saman því miður.

Í lið 5.9 er fjallað um útivist og eru áhrifin á aðgengi til útivistar metin óveruleg. Nátturufraedistofnun telur að lítið sé fjallað um þann þátt útivistar sem er náttúruskoðun. Þar sem Shell-víkin er skjólgóð og með náttúrulegri sandfjöru er hún aðgengilegri en mörg önnur fjörusvæði í Skerjafirði þar sem stórgrýtt þangfjara er meira ríkjandi og öldufar meira. Aðstæður fyrir náttúruskoðun t.d. að skoða þang og smádyr að ótöldu fuglalífínu, eru því mjög góðar, ekki síst fyrir börn því umhverfið er að mörgu leyti öruggara en víða annars staðar í nágrenninu. Í því felst mikið útivistargildi en sömuleiðis fræðslugildi t.d. fyrir skóla. Víkin hefur einnig verið vinsæll vitjunarstaður fuglaskoðara um langan tíð. Með landfyllingunni skerðast þessir eiginleikar, í það minnsta tímabundið og mögulega til frambúðar ef endurheimt heppnast illa og einnig ef aðgengi að fjörusvæðum verður verra vegna meiri landhalla og torfærara undirlags. Um þetta hefði mátt fjalla í frummatsskýrslunni við mat á áhrifum á útivist að mati Nátturufraedistofnunar.

Samantekt

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að frummatsskýrslan sé vel unnin og að fjallað sé á ítarlegan og trúverðugan hátt um umhverfisáhrif áætlaðrar landfyllingar. Þá er niðurstaðan skýr og afdráttarlaus. Áhrifin eru verulega eða talsvert neikvæð á lífríki svæðisins.

Jákvætt er að lagt hefur verið í vinnu við að aðlaga landfyllinguna eins og kostur er þannig að umhverfisáhrif af henni verði sem minnst, hún minnkuð frá upphaflegum áformum Aðalskipulagsins, lögum hennar breytt, og ýmsar hönnunar- og framkvæmdaforsendur innleiddar með mótvægisáðgerðir að markmiði. Þá eru margar aðrar áherslur í skipulagi byggðarinnar á svæðinu af jákvæðum toga gagnvart náttúru og umhverfi.

Hins vegar telur Náttúrufræðistofnun eins og áður sagði að ekki séu nægjanlega góð rök fyrir nauðsyn landfyllingar á þessu viðkvæma og verðmæta náttúruverndarsvæði. Mótvægisáðgerðir, sem stefnt er að til að veða upp á móti umtalsverðu raski á vistgerðum undir vernd, búsvæðum fugla og annarra lífvera, og sérstöku landslagi með hátt útivistar- og náttúrufræðslugildi, eru flóknar og mikilli óvissu háðar og árangur sem af þeim hlýst mun taka langan tíma að koma í ljós. Norðanverður Skerjafjörður í landi Reykjavíkur er að mestu leyti laus við landfyllingar, í því felst mikill styrkleiki fyrir náttúru svæðisins. Lífrík fjara með auðugu fuglalífi árið um kring hefur einnig mikið fræðslu- og útivistargildi svo nálægt þéttbýli. Það ætti að leggja áherslu á að halda því ástandi áfram óbreyttu og styrkja stöðir Skerjafjarðar sem lykilsvæðis fyrir fugla og fjörlífverur til framtíðar.

Virðingarfyllst,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson
Forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands



Sunna Björk Ragnarsdóttir
Sviðsstjóri rannsókna og vöktunar